

Langatöng

Setjið fyrstu 5L af 2. prjóni og síðustu 5L af 3. prjóni á prjóna. Tengid garnið við og prjónið upp 2 nýjar L á milli baugfingurs og löngutangar og fitjið upp 2L á milli löngutangar vísifingurs = 14L. Prjónið 24 umf. Ljúkið við fingurinn eins og á hinum fingrunum.

Vísifingur

Setjið 5L af 2. prjóni og 5L af 3. prjóni á prjóna. Tengid garnið við og prjónið upp 2 nýjar L á milli löngutangar og vísifingurs = 12L. Prjónið 20 umf. Ljúkið við fingurinn eins og á hinum fingrunum.

Gangið frá endum og lokið götum ef einhver eru á milli fingra.

Þýtt og staðfært fyrir hringprjón úr uppskrift frá NORO.

Garnið fæst í Storkinum.

www.storkurinn.is



Fingra- vettlingar

fyrir litaglaða

HÖNNUN: NORO

STÆRÐ

Meðalkvenstærð. Ummál handar fyrir ofan þumal er 20 cm.

EFNI OG ÁHÖLD

Silk Garden Lite frá NORO (45% silki, 45% kid mohair, 10% lambsull). 50g = 125m. Litur á mynd # 3084.

PRJÓNAR

Sokkprjónar (þægilegra að nota styttri prjóna) nr 4. Gætið þess að prjónfestan sé rétt og notið finni eða grófari prjóna ef með þarf. Ef vettlingarnir eru prjónaðir lausar en uppskriftin segir til um þarf að gera ráð fyrir meira garni.

PRJÓNFESTA

21 lykkja og 30 umferðir = 10 x 10 cm.

AÐFERÐ

Fingravettlingarnir eru prjónaðir í hring á fimm prjóna í sléttprjóni. Gatafaldur er neðst sem er saumaður við eftirá. Þumallinn er með tungu og hann er prjónaður fyrst á undan hinum fingrunum.

LYKILL

L = lykkja, lykkjur

umf = umferð

S = slétt

s = saman

Y = uppsláttur

auk:1SH = aukið út með því að lyfta þverbandinu upp á prjóninn aftan frá og prjóna það framan frá - hallar til hægri.

auk:1SV = aukið út með því að lyfta þverbandinu upp á prjóninn framan frá og prjóna það aftan frá - hallar til vinstri.

HÆGRI OG VINSTRI FINGRAVETTLINGUR (BÁÐIR EINS)

Fitjið upp 38L með prjónum nr 4.

Skiptið L á 4 prjóna = 10+9+10+9 L.

Tengið saman í hring og gætið þess að ekki komi snúningur á fitina.

Prjónið 4 umf slétt.

Næsta umf (gatasnar): *Y, 2Ss.

Endurtakið frá * út umferðina.

Prjónið slétt þar til 7cm mælast frá gatasnari.

Þumaltunga

1. umf: 18S, auk:1SH, 1S, auk:1SV, 19S = 40L.

2. umf: Allar L sléttar.

3. umf: 18S, auk:1SH, 3S, auk:1SV, 19S = 42L.

4. umf: Eins og 2. umf.

Aukið þannig út í 2. hverri umf 4 sinnum í viðbót. Þá verða 13L í þumaltungu og 50L samtals á prjónunum.

Nú eru 13 þumallykkjur prjónaðar eingöngu og belglykkjurnar settar á nælu eða spotta. Deilið 13L á 3 prjóna og fitjið upp 2 nýjar L bak við þumallinn, tengið í hring = 15L á þumli. Prjónið 17-18 umf (6cm).

Úrtaka: *2Ss, endurt frá * þar til 1L er eftir 1S.

Slítið spottann frá og dragið í gegnum allar L og herðið að.

Belgur

Setjið nú L sem biðu á prjóna, 2 prjóna handarbaksmegin 9+10L (1. og 2. prjónn) og 2 prjóna lófamegin 10+9L (3. og 4. prjónn). Fitjið upp 1L bak við þumallinn = 38L. Tengið í hring og prjónið 14 umf eða um 4,5cm. Deilið lykkjunum á milli fingra Nú þarf að skipta L á milli fingra. Gott að setja L hvers fingurs á sér spotta. Fyrst þarf að fitja upp nýjar L á milli fingra, en síðan einnig prjóna upp nýjar lykkjur. Skiptið L fyrir hvern fingur á 3 prjóna.

Litlifingur

Setjið síðustu 4L af 4. prjóni og fyrstu 4L af 1. prjóni á prjóna. Tengid garnið á ný og fitjið upp 2 nýjar L á milli litlafingurs og baugfingurs = 10 L. Skiptið L á 3 prjóna og prjónið slétt 18 umf.

Úrtaka: *2Ss, endurt frá * út umf. Slítið frá og dragið spottann í gegnum allar L.

Baugfingur

Setjið 5L af 1. prjóni og 5L af 4. prjóni á prjóna. Tengid garnið við og prjónið upp 2 nýjar L á milli litlafingurs og baugfingurs og fitjið upp 2L á milli baugfingurs og löngutangar = 14L. Prjónið 21 umf. Ljúkið við fingurinn eins og á litlafingri.